

Norðurþing
b/t Gaukur Hjartarsson
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 29. ágúst 2019
UST201907-197/A.B.
10.04.02

**Efni: Breyting - Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030 – Deiliskipulag –
Norðurþing - Húsavíkurhöfði á Húsavík**

Vísað er til erindis skipulags og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 23. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi varðandi hótellóð á Húsavíkurhöfða, tillögu að breyttum þéttbýlisupprætti Norðurþings og stækkan á verslunar- og þjónustusvæði á Húsavíkurhöfða. Einnig er óskað umsagnar um tillögu að breyttu deiliskipulagi á svæði ofangreindrar hótellóðar.

Í tillögunni kemur fram að núverandi aðalskipulag geri ráð fyrir að hótellóð á Húsavíkurhöfða verði staðsett austan við sjóböð, en með breyttu skipulagi færí hótelið á lóð norðan við sjóböðin. Gert er ráð fyrir að hótelið verði allt að 20.000 m², allt að 20 m hátt, með allt að 60 herbergjum.

Tillaga að framkvæmdaráætlun

Umhverfisstofnun vill benda að strandsvæðið sem skipulagstillagan nær til er á tillögu Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) að framkvæmdaráætlun (B-hluta) Náttúruminjaskrár, en svæðið kallast Tjörnes. <https://ni.is/node/21603>

NÍ hefur sett fram tillögur til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að svæðum á framkvæmdaráætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Tillögurnar hafa ekki hlutið afgreiðslu samkvæmt lögnum, en fela í sér mat á verndargildi viðkomandi svæða. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaráætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda yfir vali á svæðinu sú að fjörurnar eru mikilvægir viðkomustaðir farfugla og þær tegundir sem ná alþjóðlegum viðmiðum eru rauðbrystingur, sendlingur og tildra, ásamt straumönd sem óvenjunikið er af á veturna. Auk þess kemur fram í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar að nokkuð er um fugl í

klettabeltinu við ströndina. Ní leggur til að mikilvægt sé að fjörum og grunnsævi verði ekki raskað.

Ásýnd

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að ásýnd svæðisins muni breytast til muna þar sem umfang hótelsins er mikið, en hér er um aða ræða allt að 20 m háá byggingu og tillagan gerir ráð fyrir að hótelbyggingin gangi út yfir klettabeltið.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu eins og kostur, en í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

Mengun

Umhverfisstofnun bendir á að nálægð við iðnaðarsvæðið á Bakka og hafnarsvæði Húsavíkur geti haft áhrif á loftgæði og hljóðvist á svæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 20. mars 2013 til Skipulagsstofnunar varðandi frummattskýrslu fyrir Kíslimálverksmiðju PCC á Bakka segir að mikil aukning verður á loftmengun með tilkomu kíslilmálsverksmiðjunnar. Hún er þó að mestu bundin við svæðið næst verksmiðjunni og reiknuð mengun fer hvergi yfir viðmiðunarmörk íslenskra reglugerða. Sum gildi geta þó farið nálægt reglugerðarmörkum.

Auk þess segir í umsögninni að talið er að hljóðstig í íbúðasvæði í næsta nágrenni verksmiðjunnar verði innan marka reglugerðra nr. 724/2008 um hávaða.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skoða ofangreinda þætti nánar við tillögugerðina.


Aðgengi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram strandlengjunni svo að útvistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur